

AUGLÝSING

um breytingu á verði á lyfjum samkvæmt 4. gr. reglugerðar um hverjar vörur lyfsalar einir og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda, nr. 173 20. desember 1967.

Frá og með 1. maí 1969 breytist verð á samsettum vitamíntöflum samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 173 20. desember 1967 og verður í útsölu kr. 65.50 hver 100 stykkja pakkning og sömuleiðis breytist verð á askorbínsýrutöflum samkvæmt 2. mgr. 4. gr. nefndrar reglugerðar og verður kr. 44.50 hver 100 stykkja pakkning.

Við verðið bætist söluskattur. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 93 19. apríl 1968 um verð nefndra lyfja.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. apríl 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 105.

18. apríl 1969.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Andakílshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 106.

25. apríl 1969.

REGLUGERÐ

um viðvörunarmerki almannavarna.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda þar, sem gerðar eru ráðstafanir til almannavarna samkvæmt 7. og 8. gr. laga nr. 94/1962, sbr. nr. 30/1967.

2. gr.

Með viðvörun er hér átt við að almenningur fái vitneskju um yfirvofandi hættu af völdum hernaðaraðgerða eða náttúruhamfara. Viðvörun skal framkvæma þannig að tryggt sé, svo sem framast er unnt, að allir íbúar svæðis séu varaðir við hættunni.